

„Evrópa án hindrana“

Helstu áherslur Tékklands í formennsku ESB fyrri hluta árs 2009 ¹

„Evrópa án hindrana“ („Europe without barriers“) er yfirskrift stefnuskrár Tékklands fyrir ESB næsta hálfu árið en Tékkar taka við formennsku ESB af Frökkum þann 1. janúar nk. Forgangsmálin eru þrjú; 1) *Efnahagsmál*, 2) *orkumál* og 3) *utanríkismál*.

Með yfirskriftinni er höfðað til mikilvægis þess að ryðja úr vegi hvers konar hindrunum sem enn standa í vegi frjáls innri markaðar einkum hvað varðar flæði vinnuafis á milli „eldri og yngri“ aðildarríkja ESB, áhersla er á einföldun stjórnsýslu ekki síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og afléttingu viðskiptahindrana við lönd utan ESB. Í utanríkismálum verður uppbygging samstarfs við stjórn Obama efsta á baugi og efling tengsla ESB við nágrennaríki í austri.

Þótt áherslur næstu mánaða séu lagðar af Tékkum þá eru þær jafnframt liður í 18 mánaða samfelldri dagskrá þriggja formennskulanda; Frakklands, Tékklands og Svíþjóðar. Áherslur Tékkna endurspeglar frjálslynda markaðsstefnu tékkneskra stjórnvalda en samsteypustjórn kristilegra demókrata, frjálslyndra og græningja undir stjórn Mirek Topolánek er við völd í landinu. Nokkuð ber á efasemdum í hópi þeirra sem fjalla um málefni ESB, varðandi bolmagn tékkneskra stjórnvalda til að veita ESB leiðsögn á þeim umbrotatímum sem nú ríkja. Stjórnin er veik fyrir, efasemdarraddir í garð ESB eru háværar í hópi stjórnarliða og forsetinn Václav Klaus, er harður andstæðingur Lissabonsáttmálans. Verkefni framundan eru hins vegar krefjandi og á það ekki einungis við um stöðu efnahagsmála heldur einnig stjórnskipulega stöðu ESB. Afkastageta þingsins verður takmörkuð á þessu formennskutímabili en kosningar verða til Evrópuþingsins í júní sem gerir það að verkum að þingið verður ekki starfandi nema til marsloka. Þá má vænta þess að örlög Lissabonsamningsins ráðist á tímabilinu þótt ekki muni hann koma til framkvæmda í formennsku Tékkna. Fyrir utan Írland, er Tékkland eina aðildarlandið sem ekki hefur fullgilt samninginn. Staða málsins er flókin þar sem stjórnarliðar hafa spyrnt málið saman við fullgyldingu umdeilds samnings við Bandaríkin um uppsetningu á eldflaugavarnarskjám í Tékklandi. Stjórnin er m.ö.o. tilbúin til þess að samþykkja Lissabonsamninginn að því tilskyldu að stjórnarandstaðan samþykki samninginn við Bandaríkin. Ekki er séð fyrir endan á þessu máli en Evrópusambandssinnar vonast til þess að sjá Lissabonsamninginn samþykktan og undirritaðan af forseta Tékklands í byrjun næsta árs. Þá standa vonir til þess að niðurstöður leiðtogafundar ESB í desember um að koma til móts við Írland í ýmsum

¹ Heimildir:

- Heimasíða tékknesku formennskunnar: <http://eu2009.cz/en/index.html>
- EuObserver <http://euobserver.com/9/27209>
- Skýrsla til ráðherraráðsins um formennskuáætlun Frakklands, Tékklands og Svíþjóðar <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st10/st10093.en08.pdf>
- EPC Policy briefing 16 December 2008: Priorities of the Czech Presidency of the EU
- Europolitics

efnum varðandi samninginn, verði til þess að Írland fullgildi samninginn áður en umboð núverandi framkvæmdastjórnar rennur úr.

Í **efnahagsmálum** kemur það í hlut tékknesku formennskunnar að fylgja eftir tillögum framkvæmdastjórnarinnar frá því í nóvember um endurreisn efnahagslífsins („European Economic Recovery Plan“), sem felur m.a. í sér 200 milljarða € framlög eða um 1,5% af vergri landsframleiðslu ESB (GDP), til að bregðast við efnahagskreppunni. Við endurreisnarstarfið verða hagfræðilegar áherslur Lissabonáætlunarinnar hafðar að leiðarljósi og vara Tékkar við því að efnahagskreppan verði notuð til að réttlæta viðsnúning til verndarstefnu og óhóflegra ríkisafskipta. Að sögn Milena Vicenová sendiherra Tékklands gagnvart ESB, er vissulega svigrúm til nánara samráðs um aðgerðir í efnahagsmálum en ekki til aukinna lagasetninga.

Á leiðtogafundinum í mars verður sérstaklega fjallað um skýrslu evrópska seðlabankans um efnahagslegan samruna Evrópu („European Financial Integration“). Þá verður unnið í samvinnu við Gordon Brown and undirbúningi leiðtogafundar G20 ríkjanna, sem haldinn verður í London í apríl 2009.

Tékkar leggja upp með harða stefnu í fríverslunarmálum og slá þar annan takt en gert var í tíð frönsku formennskunnar. Þeirra bíður það krefjandi verkefni að endurvekja Doha viðræðurnar og eru ýmsir svartsýnir á að þeim muni takast að sannfæra ríki á borð við Kína, Indland og Frakkland, um að greiða fyrir áframhaldandi viðræðum. Formennskan mun leggja sitt af mörkum til þess að unnt verði að ljúka fríverslunarsamningi milli ESB og Kanada fyrr en síðar og vonir standa til þess að unnt verði að ljúka samningum við Suður Kóreu á formennskutímabilinu.

Eins og vonir stóðu til um, þá tókst samkomulag um **orku- og loftslagspakkann** á leiðtogafundinum þann 12. desember sl. um tillögur framkvæmdastjórnarinnar þess efnis að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20%, hlutdeild endurnýjanlegrar orku verði 20% af heildarorkunotkun og að nýting eldsneytis verði 20% betri á árinu 2020 miðað við árið 1990 og hefur samkomulagið verið staðfest af þinginu. Til að löggjöfin verði samþykkt er nú beðið eftir formlegu samþykki ráðherraráðsins en ekki er búist við að samkomulagið taki efnislegum breytingum. Í framhaldinu mun málið fara til tékknesku formennskunnar og er stefnt að því að ljúka því í þinginu (annarri yfirferð) fyrir vorið. Unnið verður að því að ná sambærilegu samkomulagi um aðgerðir í loftslagsmálum við Bandaríkin, Kína og Indland fyrir loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn í lok næsta árs.

Varðandi orkuöryggi verður þrennt efst á baugi:

- Greinargerð sem framkvæmdastjórnin mun vinna á orkuþörf og eftirspurn í Evrópu,
- Trygging sambands neytenda við orkuveitur m.a. með samnýtingu dreifikerfa innan ESB
- Samstarf við þriðju ríki um orkuframboð og dreifingu

Hvað þriðja forgangsmál tékknesku formennskunnar varðar – **utanríkismál** - verður megináherslan lögð á Balkanskaga, nágrennalandastefnuna og samskiptin við Bandaríkin.

Fetað verður í fótspor frönsku formennskunnar hvað varðar Vestur Balkanskaga og unnið að því að styrkja tengsl skagans við ESB.

Í formennskutíð Frakka var einkum litið til Miðjarðarhafssvæðisins varðandi styrkingu nágrannalandastefnunnar, en í formennsku Tékkka og Svía verður sjónunum einkum beint til austurs. Hér sjá menn fyrir sér nánara pólitískt, efnahagslegt (þ.m.t. fríverslunarsamninga) og menningarlegt samstarf (án skuldbindinga þó um hugsanlega aðild að ESB) við Úkraínu, Moldavíu, Georgíu, Armeníu, Azerbaidjan og Belarus. Leiðtogafundur ESB með þátttöku þessara ríkja er fyrirhugaður í vor.

Samskiptin vestur um haf til Bandaríkjanna verða eitt af lykilatriðum utanríkisstefnunnar og er vonast til þess að Obama muni þiggja boð formennskunnar til að sitja leiðtogafund ESB og Bandaríkjanna í Prag með vorinu. Auk augljósra pólitískra og efnahagslegra hagsmuna munu jákvæð samskipti við Bandaríkin um aðgerðir í loftslagsmálum skipta sköpum varðandi undirbúning ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem haldin verður í Kaupmannahöfn í nóvember nk.

Það hefur það vakið athygli hversu lítið talsmenn tékknesku formennskunnar fjalla um væntanleg samskipti við Rússland þótt á dagskránni séu viðræður um nýjan samstarfssamning milli Rússlands og ESB („partnership agreement“).

Hvað stækkunarmál varðar verður aðildarviðræðum við Króatíu haldið áfram og tveir nýir kaflar opnaðir í aðildarviðræðum við Tyrkland. Ýtt verður undir viðræður við Makedóníu.

Auk forgangssviðanna fjögurra mun tékkneska formennskan beita sér fyrir aðgerðum á ýmsum öðrum sviðum s.s á félagsmálasviðinu þar sem málefni fjölskyldunnar verða í forgrunni. Í þeim málum hefur sérstaklega verið tilgreint að Tékkar vilji beita sér fyrir því að mæður fái raunverulegt val um að dvelja heima hjá börnum sínum án þess að það skaði efnahag fjölskyldunnar.

Í menntamálum fellur það í hlut Tékkka að leiða til lykta hverjar verði helstu áherslur í næstu kynslóð vinnuáætlunarinnar „Menntun og þjálfun 2010“, sem er vinna tengd Lissabonmarkmiðum ESB á sviði menntamála. Vinnan tengist einnig undirbúningi að lykilskilaboðum ráðherraráðsins um menntamál til leiðtogafundarins komandi vor. Ekki hefur enn verið greint frá hver helstu markmiðin verða.

Á árinu verður samstarf á sviði æskulýðsmála á síðustu árum metið og lagður grunnur að markmiðum samstarfsins á næsta áratug aldarinnar. Samstarfið felst m.a í opnu samráði um tiltekin málefni og skipulegrar samræðu við samtök ungs fólks í Evrópu. Tékkar munu leiða stefnumótunarvinnuna og tekið verður m.a. mið af öðrum þáttum er snerta ungt fólk, svo sem um félagslega stöðu þess, heilbrigðismál og fleira.

Varðandi málefni Norðurskautsins er vert að vekja athygli á því að Tékkar munu ekki fylgja eftir áherslu Frakklands á aðkomu ESB í þeim efnum en láta sænsku formennskunni það eftir síðari hluta árs 2009.

Ítarlegri upplýsingar um einstaka málaflokka verða birtar á heimasíðu tékknesku formennskunnar 1. janúar 2009. Sjá: <http://eu2009.cz/en/index.html>

Fyrirhugaðir óformlegir ráðherrafundir í formennskutið Tékklands:

- Informal Ministerial Meeting of the *General Affairs Council* - Prague, 8 January 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Justice and Home Affairs* - Prague, 15–16 January 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Employment and Social Affairs* - Luhačovice, 22–24 January 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Development Cooperation* - Prague, 29–30 January 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Family Policy* - Prague, 4-5 February 2009
- Informal Meeting of *Defence Ministers* - Prague, 12–13 March 2009
- Informal Meeting of *Education Ministers* - Prague, 22–23 March 2009
- Informal Meeting of Ministers of *Foreign Affairs* (Gymnich) - Hluboká nad Vltavou, 27–28 March 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Economic and Financial Affairs* - Prague, 3–4 April 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Regional Development* - Mariánské Lázně, 23–24 April 2009
- Informal Meeting of *Transport Ministers* - Litoměřice, 28–30 April 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Competitiveness* - Prague, 3–5 May 2009
- Informal Meeting of Ministers for *Agriculture and Fisheries* - Brno, 31 May–2 June 2009
- Informal Meeting of Ministers for the *Environment* - Prague, 12–14 June 2009

Aðrir mikilvægir viðburðir:

- *Launch Conference of the European Year of Creativity and Innovation* - Prague, 7 January 2009
- *Gender Mainstreaming High Level Working Group Meeting* - Prague, 8-9 January 2009
- *INCOM (Conference of Ministers for Research on Innovation, Research and Development)* - Prague, 22-23 January 2009
- *Conference on the Prospects for the Internal Electricity Market* - Ostrava, 29-30 January 2009
- *Conference on Parental Childcare and Employment Policy* - Prague, 5-6 February 2009
- *Ministerial Conference on e-Communications* - Prague, 17 February 2009
- *E-Justice Conference* - Prague, 17-18 February 2009
- *Ministerial Conference on eHealth for Individuals, Society and the Economy* - Prague, 18-20 February 2009
- *Conference on EU Enlargement - Five Years After* - Prague, 2 March 2009
- *COFACC (Conference of Foreign Affairs Committee Chairpersons)* - Prague, 9-10 March 2009
- *Quality Policy Conference* - Prague, 12-13 March 2009
- *Flexicurity Conference – Lifelong Learning and Social Protection Components* - Prague, 25-26 March 2009
- *Towards e-Environment Conference* - Prague, 25-27 March 2009
- *Ministerial Conference Forum for Creative Europe* - Prague, 26-27 March 2009
- *17th Joint Parliamentary Assembly ACP-EU* - Prague, 6-9 April 2009
- *Children-Friendly Europe Conference* - Prague, 6-7 April 2009

- *Conference on the Internet in Public Administration* - Hradec Králové, 6-7 April 2009
- *Ministerial Conference on Microbial Threats to Patient Safety in Europe* - Prague, 15-16 April 2009
- *Ministerial Conference Safer Internet for Children* - Prague, 20 April 2009
- *Conference on Social Services – A Tool for Mobilising the Workforce and Strengthening Social Cohesion* - Prague, 22-23 April 2009
- *Ministerial Conference “Building Migration Partnerships”* - Prague, 26-28 April 2009
- *European Patent Forum Conference* - Prague, 28-30 April 2009
- *A Europe of Committed Citizens Conference* - Brno, 4-5 May 2009
- *High Level Conference on the Financial Sustainability of Health Systems* - Prague, 10-12 May 2009
- *Meeting of the 31st COSAC (Conference of Community and European Affairs Committees of Parliaments of the European Union)* - Prague, 11-12 May 2009
- *EU Foreign Ministers and Rio Group Foreign Ministers Joint Meeting* - Prague, 13-14 May 2009
- *“Small Business Act for Europe: Entrepreneurship without Barriers”. 1st European SME Week Closing Conference and European Enterprise Awards* - Prague, 13-14 May 2009
- *Eurochambers Congress (Association of European Chambers of Commerce and Industry)* - Prague, 13-15 May 2009
- *European Conference on Dignity and Hazard in the Elderly* - Prague, 25-26 May 2009
- *Ministerial Conference on New Ways to Overcome Gender Stereotypes* - Prague, 27 May 2009
- *Nuclear Forum 2009* - Prague, 28-29 May 2009
- *Nuclear Energy Research Conference* - Prague, 22-24 June 2009
- *Conference on Holocaust Era Assets* - Prague, 26-30 June 2009